

**Sýslumaður Suðurnesja**

**06 448**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Sýslumaður Suðurnesja**

**kt. 610576-0369**

**Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Suðurnesja er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjónarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 254,6 milljónir og afkoma kr. 8,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 2,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 28,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Suðurnesja í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Suðurnesja fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Ásdís Ármannsdóttir,  
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	246.061.469	219.100.000
Seld þjónusta .....	3	1.754.243	321.267
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	5.855.000	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	950.301	864.856
<b>Tekjur samtals</b>		<b>254.621.013</b>	<b>220.286.123</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	205.608.461	182.348.920
Annar rekstrarkostnaður .....	6	39.265.408	36.622.791
Afskriftir .....	7	950.301	864.856
<b>Gjöld samtals</b>		<b>245.824.170</b>	<b>219.836.567</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>8.796.843</b>	<b>449.556</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(4.563)	(641)
		(4.563)	(641)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>8.792.280</b>	<b>448.915</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		3.547.394	1.987.367
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>3.547.394</u>	<u>1.987.367</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	20.201.330	14.096.568
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	3.194.984	835.613
Handbært fé .....	11	1.684.667	5.172.509
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>25.080.981</u>	<u>20.104.690</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>28.628.375</u>	<u>22.092.057</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		2.658.913	(6.133.367)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>2.658.913</u>	<u>(6.133.367)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	1.957.723	6.499.789
Viðskiptaskuldir .....		745.510	799.898
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	21.339.610	19.048.817
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	1.926.619	1.876.920
<b>Skuldir samtals</b>		<u>25.969.462</u>	<u>28.225.424</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>28.628.375</u>	<u>22.092.057</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		8.792.280	448.915
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	950.301	864.856
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(950.301)	(864.856)
		<u>8.792.280</u>	<u>448.915</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.359.371)	(64.438)
Tengdir aðilar .....		(12.157.156)	1.724.224
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		2.236.405	1.236.647
		<u>(12.280.122)</u>	<u>2.896.433</u>
		<u>(3.487.842)</u>	<u>3.345.348</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(2.510.328)	(715.520)
		<u>(2.510.328)</u>	<u>(715.520)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		1.510.328	0
Fjárfestingarframlag .....		1.000.000	715.520
		<u>2.510.328</u>	<u>715.520</u>
		<u>(3.487.842)</u>	<u>3.345.348</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		5.172.509	1.827.161
		<u>1.684.667</u>	<u>5.172.509</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samamburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samamburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	246.061.469	219.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	950.301	864.856
	<u>247.011.770</u>	<u>219.964.856</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	220.300.000	0	0	220.300.000
Fjáraukalög .....	(600.000)	0	0	(600.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	26.361.469	0	0	26.361.469
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>246.061.469</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>246.061.469</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(237.269.189)	0	0	(237.269.189)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>8.792.280</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>8.792.280</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	132.590	158.900
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.621.653	162.367
	<u>1.754.243</u>	<u>321.267</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	5.855.000	0
	<u>5.855.000</u>	<u>0</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	163.124.942	147.837.154
Orlof, breyting .....	3.828.291	(627.691)
Launatengd gjöld .....	37.542.378	34.379.457
Starfsmannakostnaður .....	1.112.850	760.000
	<u>205.608.461</u>	<u>182.348.920</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	21,00	19,68

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.834.568	1.459.960
Ýmis tæki og áhöld .....	521.670	288.746
Ýmsar sérgreindar vörur .....	41.586	0
Orkugjafar .....	699.678	862.220
Matvæli .....	2.819.955	2.747.065
Almennar rekstrarvörur .....	124.234	19.267
Vörukaup, almenn	6.041.691	5.377.258
Fundir, námskeið, risna .....	147.700	197.620
Akstur .....	424.566	550.678
Sérfræðiþjónusta .....	1.108.728	671.959
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	1.203.961	1.045.303
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	442.322	270.561
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	3.156.470	3.572.177
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	6.483.747	6.308.298
Afnotagjöld .....	1.302.983	1.389.588
Leigugjöld .....	13.557.780	13.205.076
Notkun véla og flutningatækja .....	415.747	279.418
Verkkaup .....	4.416.650	3.262.849
Kostnaðarhlutdeild .....	7.046.810	6.793.304
Tilfærslur .....	0	7.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	26.739.970	24.937.235
Annar rekstrarkostnaður samtals	39.265.408	36.622.791
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	950.301	864.856
	950.301	864.856
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	3.547.394	1.987.367
	3.547.394	1.987.367
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		
		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 1.1.2020 .....		7.778.881
Viðbætur á árinu .....		2.510.328
		10.289.209
Afskriftir 1.1.2020 .....		5.791.514
Afskrift ársins .....		950.301
		6.741.815
Staða 31.12.2020 .....		3.547.394

## Skýringar

**31.12.2020**      **31.12.2019**

**9 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	20.201.330	14.096.568
	20.201.330	14.096.568

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.957.723	6.499.789
	1.957.723	6.499.789

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	2.300.750	6.864
Skattar .....	894.234	828.749
	3.194.984	835.613

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	245.786	385.589
Tékkareikningar .....	1.438.881	4.786.920
	1.684.667	5.172.509

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 25,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(6.133.367)	(6.582.282)
Afkoma ársins .....	8.792.280	448.915
Jöfnuður 31.12. ....	2.658.913	(6.133.367)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

**31.12.2020**      **31.12.2019**

**13 Ýmsar skammtímaskuldir**

Ógreitt orlof .....	17.928.990	14.100.699
Ógreidd laun .....	0	1.064.168
Önnur ógreidd gjöld .....	3.410.620	3.883.950
	21.339.610	19.048.817

## Skýringar

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	3.547.394	1.987.367
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(1.620.775)	(110.447)
	<u>1.926.619</u>	<u>1.876.920</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	1.987.367	(110.447)	1.876.920
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.510.328	(2.510.328)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(950.301)	0	(950.301)
	<u>3.547.394</u>	<u>(1.620.775)</u>	<u>1.926.619</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,8 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði og tímabundinn samning um ræstingu til ársins 2020, eftir samningstímann endurnýjast hann ár í senn sé samningnum ekki sagt upp. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 14 milljónum og vegna ræstingu 3 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Engar óefnislegar eignir eru til staðar hjá stofnuninni.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.